- Reglulegir skilafundir með kennara, foreldrum, deildarstjórum skólastofnana, kennslu- og námsráðgjafa, fulltrúum skólaþjónustu og greiningaraðila: Reglulegt mat á framvindu settra markmiða á grundvelli skimunarmatsniðurstöðu; ný markmið og leiðir sett við lok hvers „skilafundar“ og eða „teymisfundar“. Þess er gætt að slíkt mat nái milli skólaára en ekki einungis innan hvers skólaárs.
- Reglulegir teymisfundir.
- Reynt að koma til móts við þarfir nemenda svo sem unnt er.
- Samstarf og fundir allra aðila viðkomandi stofnunar sem koma að málinu.
- Sérfræðingar eru með mikla viðveru í viðkomandi stofnunm, sitja í teymum í þyngri málum eða öðrum sérfræðingum s.s. starfsmönnum félagsþjónustu falið að sitja í teymum. Sérkennslustjórar og deildarstjórar sérkennslu í leik- og grunnskólum hafa einnig þetta hlutverk. Ekki hefur verið aukið við starfsfólk sérfræðiþjónustu þrátt fyrir auknar kröfur reglugerðar og laga.
- Sérfræðingur skilar niðurstöðum á fundi og með skýrslu til skóla. Ef upp koma frávik hjá nemendum er þeim nemendum boðið upp á frekari greiningar.
- Sérfræðiþjónusta og félagsþjónusta funda um hvert mál og fylgja því eftir.
- Sérfræðiþjónusta er keypt frá Ísafjarðarbæ nema þegar um er að ræða stærri tilfelli eins og t.d. einhverfa eða eitthvað slíkt þá er keypt þjónusta af Greiningastöð ríkisins eða BUGL, þá er biðtíminn mun lengri. Niðurstöðum þaðan er fylgt eftir með sameiginlegum fundi allra aðila sem koma að málinu, en frá Ísafirði eru það viðkomandi greinandi, foreldrar og kennarar sem koma að nemandanum.
- Sérkennslu og einstaklingsnámskrá. Sérúrræði við próftöku. Endurskimun og greiningar.
- Sértækri sérkennslu og einstaklings miðaðri námskrá og þjálfun.
- Skilafundir.
- Skilafundir og teymisfundir þegar á þarf að halda.
- Skilafundir til foreldra. Skilafundir til skóla með foreldrum. Teymisfundir innan skóla. Þjónustuteymi innan skóla með félagsþjónustu, sérfræðiþjónustu, kennurum og/eða sérkennurum, foreldrum og deildastjóra, þroskaþjálfa eftir eðli máls.
- Skimanir eru í dag á ábyrgð einstakra skóla. Þetta er til skoðunar hjá sérfræðiþjónustu skólaskrifstofu.

# Sp. 13. Hvernig er eftirfylgni háttað með niðurstöðum skimunar sem fram fer á vegum sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins?

- Skimanir eru vegvísar.  Ef frávik eru í skimun er það skoðað nánar. Foreldrar og starfsmenn skóla ákveða sameiginlega næstu skref.
- Skimanir fara fram inn í skólunum og kennarar og sérkennslustjórar fara yfir þær og gera þær ráðstafanir sem þarf.
- Skimun í kjölfar tilvísana er samkvæmt skilgreindur verklagi. Sálfræðingur fylgir máli eftir með samskiptum við kennara og foreldra.
- Skimun í leikskóla - málþroski - úrvinnsla niðurstöðu unnin í samráði við leikskóla, frekari greiningarþörf er vísað til sérfræðiþjónustu. Skimun í grunnskóla/yngsta stig.  Úrvinnsla unnin af grunnskóla, grunur um frekari þörf á greiningum eða sérkennslu í kjölfar málfarsskimana eða annarra skimana. Máli vísað til sérfræðiþjónustu af grunnskóla ef þurfa þykir. Skimun á unglingastigi vegna líðan og þunglyndis. Úrvinnsla unnin af sérfræðiþjónustu. Í kjölfar boðið upp á námskeið og meðferð.
- Skólastjóri og kennarar í samráði við sérfræðinga.
- Skólastjóri sem er sérkennari sér um skimanir og ber ábyrgð á að þjónusta sé veitt samkvæmt þeim
- Teymisfundir með málsaðilum, meðferðaráætlun.
- Teymisvinna kennara og sérfræðiþjónustu.
- Unnið eftir niðurstöðum. Átak t.d. í lestri og fleira.
- Unnið er samkvæmt tillögum sérfræðiþjónustu.
- Unnið úr henni á viðkomandi starfstöð.
- Það fara ekki fram beinar skimanir á vegum sérfræðiþjónustu, það er gert í skólanum. Hins vegar eru niðurstöður ræddar á samráðsfundum og brugðist við ef ástæða þykir til.
- Það er fundað í kjölfar hverrar skimunar með umsjónarkennara, sérkennara og skólastjórum. Bornar eru saman niðurstöður á milli fyrirlagna og eða ára eftir því sem við á. Bregði nemendur mikið út af norminu eru þeir sendir til frekari greiningar.
- Þeir nemendur sem eru með frávik fá einstaklingsáætlun sem að jafnaði er fylgt er eftir með teymisvinnu.
- Þetta er allt í höndum skóalsatjórnenda - og fræðslunefndar.

# Sp. 14. Hefur sveitarfélagið sett sér verklagsreglur um meðferð beiðna um greiningu og ráðgjöf?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 39 | 70,9 | 12,0 |
| Nei | 16 | 29,1 | 12,0 |
| Fjöldi svara | 55 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 55 | 93,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 6,8 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 15. Hvers vegna hefur sveitarfélagið ekki sett sér verklagsreglur um meðferð beiðna um greiningu og ráðgjöf?

Þeir sem hafa ekki sett sér verklagsreglur um meðferð beiðna um greiningu og ráðgjöf (sp. 14) voru spurðir þessarar spurningar.

- Allar beiðnir fara beint til Skólaskrifstofu Austurlands.
- Ekki talin þörf á því.
- Er í ákveðnum farvegi í leik- og grunnskólum sem gagnast hefur hingað til.
- Er í vinnslu (nefnt af 3).
- Hefur ekki verið talin þörf á því.
- Lítið sveitarfélag boðleiðir stuttar.
- Skólinn sér um þetta.
- Sveitarfélagið er mjög fámennt og hvert tilfelli er metið þegar og ef til þess kemur.
- Sveitarfélagið er í samstarfi við Stykkishólm með leik- og grunnskóla, rekstur íþróttahúss og tónlistarskóla, og fylgir Helgafellssveit þeim reglum sem Stykkishólmur er með.
- Sveitarfélagið sem slíkt hefur ekki gert það en fyrir liggja ákveðnar verklagsreglur í skólanum sem farið er eftir.
- Verklagsreglurnar eru í vinnslu.
- Þjónustan er keypt af öðru sveitarfélagi.
- Þær verklagsreglur sem farið er eftir í okkar tilfelli eru settar fram af þeim þjónustuaðila sem sér um greiningar og ráðgjöf.

# Sp. 16. Eru verkferlar skóla vegna sérfræðiþjónustu við nemendur aðgengilegir foreldrum?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 41 | 74,5 | 11,5 |
| Nei | 14 | 25,5 | 11,5 |
| Fjöldi svara | 55 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 55 | 93,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 6,8 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 17. Eru verkferlar vegna sérfræðiþjónustu við nemendur aðgengilegir kennurum?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 53 | 96,4 | 4,9 |
| Nei | 2 | 3,6 | 4,9 |
| Fjöldi svara | 55 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 55 | 93,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 6,8 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |




capacent GALLUP

# Sp. 18. Hvernig er eftirfylgni og mati á árangri úrræða eftir athugun og greiningu háttað?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Viðtöl við kennara | 50 | 90,9 | 7,6 |
| Viðtöl við foreldra | 48 | 87,3 | 8,8 |
| Endurtekið mat á stöðu nemenda | 47 | 85,5 | 9,3 |
| Viðtöl við skólastjóra | 36 | 65,5 | 12,6 |
| Vettvangsathuganir | 24 | 43,6 | 13,1 |
| Á annan hátt | 7 | 12,7 | 8,8 |
| Fjöldi svara | 212 | | |
| Tóku afstöðu | 55 | 93,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 6,8 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



# Sp. 19. Veitir sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins eftirfarandi aðilum ráðgjöf og fræðslu?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Foreldrum | 53 | 100,0 | 0,0 |
| Foreldrafélögum | 23 | 43,4 | 13,3 |
| Foreldra-/Skólaráðum | 15 | 28,3 | 12,1 |
| Fjöldi svara | 91 | | |
| Tóku afstöðu | 53 | 89,8 | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 10,2 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



# Sp. 20. Hefur verið stofnað teymi í leikskóla/leikskólum sveitarfélagsins til að stuðla að samvinnu þeirra aðila í sérfræðiþjónustu sem sjá um málefni einstakra barna?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Í öllum skólum sveitarfélagsins | 39 | 72,2 | 11,9 |
| Í flestum skólum sveitarfélagsins | 3 | 5,6 | 6,1 |
| Í nokkrum skólum sveitarfélagins | 1 | 1,9 | 3,6 |
| Nei | 11 | 20,4 | 10,7 |
| Fjöldi svara | 54 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 54 | 91,5 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 8,5 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |




Þeir sem nefndu svarmöguleikana í flestum eða nokkrum skólum sveitarfélagsins voru beðnir um að nefna hlutföll þeirra skóla.

„Í flestum skólum sveitarfélagsins“:

- Ég starfa í grunnskóla og get því ekki svarað þessu.
- Í öllum nema einum.
- Þar sem það hefur átt við.

„Í nokkrum skólum sveitarfélagsins“:

- 1/3.

# Sp. 21. Hefur verið stofnað nemendaverndarráð í grunnskóla/grunnskólum sveitarfélagsins?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Í öllum skólum sveitarfélagsins | 47 | 87,0 | 9,0 |
| Í flestum skólum sveitarfélagsins | 1 | 1,9 | 3,6 |
| Í nokkrum skólum sveitarfélagins | 1 | 1,9 | 3,6 |
| Nei | 5 | 9,3 | 7,7 |
| Fjöldi svara | 54 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 54 | 91,5 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 8,5 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |




Þeir sem nefndu svarmöguleikana í flestum eða nokkrum skólum sveitarfélagsins voru beðnir um að nefna hlutföll þeirra skóla.

„Í flestum skólum sveitarfélagsins“:

- Ég get bara svarað fyrir minn skóla og þar er nemendaverndarráð.

„Í nokkrum skólum sveitarfélagsins“:

- 1/2.

# Sp. 22. Hefur nemendaverndarráð sett sér starfs- og verklagsreglur?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Í öllum skólum sveitarfélagsins | 43 | 87,8 | 9,2 |
| Í flestum skólum sveitarfélagsins | 1 | 2,0 | 4,0 |
| Í nokkrum skólum sveitarfélagins | 1 | 2,0 | 4,0 |
| Nei | 4 | 8,2 | 7,7 |
| Fjöldi svara | 49 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 49 | 90,7 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 9,3 | |
| Fjöldi aðspurðra | 54 | 100,0 | |
| Spurðir | 54 | 91,5 | |
| Ekki spurðir | 5 | 8,5 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |

Þeir sem svöruðu því að nemendaverndarráð hafi verið stofnað (sp. 21) voru spurðir þessarar spurningar.




Þeir sem nefndu svarmöguleikana í flestum eða nokkrum skólum sveitarfélagsins voru beðnir um að nefna hlutföll þeirra skóla.

„Í flestum skólum sveitarfélagsins“:

- Í mínum skóla, já.

„Í nokkrum skólum sveitarfélagsins“:

- 1/2.

# Sp. 23. Hver sinnir sérfræðiþjónustu við sjálfstætt rekna skóla innan sveitarfélagsins?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins | 6 | 54,5 | 29,4 |
| Sérfræðiþjónusta viðkomandi rekstraraðila | 5 | 45,5 | 29,4 |
| Samningur við þjónustueiningu | 3 | 27,3 | 26,3 |
| Fjöldi svara | 14 | | |
| Tóku afstöðu | 11 | 18,6 | |
| Á ekki við | 48 | 81,4 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.



# Sp. 24. Hefur reglugerð nr. 584/2010 leitt til breytinga á sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 28 | 51,9 | 13,3 |
| Nei | 26 | 48,1 | 13,3 |
| Fjöldi svara | 54 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 54 | 91,5 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 8,5 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 25. Hvaða breytingar á á sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins hafa komið til vegna reglugerðar nr. 584/2010?

- Aukið eftirlit og eftirfylgd með málum.
- Aukin áhersla á skimun, snemmtæk íhlutun. Staðfærð skimunarpróf.
- Aukin áhersla á þverfaglegt samstarf ólíkra starfsstétta er starfa hjá sérfræðiþjónustu skóla.  Hér er sérfræðiþjónusta skóla starfrækt samhliða félagsþjónustu sveitarfélagsins. Ennfremur hefur orðið aukning á myndun „teymishópa“ til að styðja við sértæka aðstoð við nemendur, með þátttöku þeirra sjálfra þegar það á við, með þátttöku foreldra, kennara, sérfræðiþjónustuaðila og aðila utan skólasamfélags þegar það á við, s.s. heilsugæslulækna, hjúkrunarfræðinga o.fl.
- Aukin eftirfylgd.
- Aukin eftirfylgd.  Hefur leitt til meiri eftirspurnar eftir sérfræðiþjónustu, þannig að eftirfylgd leiði til meðferðar eða væntinga um slíka þjónustu, sem ekki á að vera á vegum sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.
- Aukin eftirfylgni og markvissari vinnubrögð.
- Aukin eftirfylgni.
- Betra utanumhald og markvissari þjónusta.
- Betri verkferlar og skilvirkara starf.
- Betri verkferlar.
- Breytilegt.
- Eftirfylgni og teymisvinna hefur aukist.
- Endurskoðun og uppfærsla á skólastefnu er afleiðing á framkominni reglugerð. Aukin tengsl milli nemenda, foreldra og skóla. Aukin tengsl á milli skólastiga.
- Fleiri aðilar koma að sérfræðiþjónustuninni, nemendaverndarráð gerir það að verkum allt meira í föstum skorðum og allir vita hvernig ferlið er
- Forvörnum meira sinnt, íhlutun í málefni nemenda fyrr á ferðinni, skýrari skil milli skólastiga.
- Fyrst og fremst aukið samráð skóla og skólastiga og aukið samstarf við forledra.
- Meiri formgering.
- Reynt hefur verið að gera þjónustuna markvissari í samræmi við reglugerð.
- Samráðsteymi/lausnateymi í leikskólum. Verkferlar og viðmið um Sérfræðiþjónustu í leikskólum (snemmtæk íhlutun). Samræming á verkferlum varðandi tilvísanir og athuganir. Viðmið fyrir forvarnir í grunnskólum. Starfsreglur um Nemendaverndarráð í grunnskólum.
- Skólakrifstofa Suðurlands hefur unnið af miklum metnaði til langs tíma og hefur mótað sína þjónustu í takt við reglugerð 584/2010.
- Skólaskrifstofan starfar samkv. reglugerðinni.
- Stefna skóla um sérstæka þjónustu vegna sérstakra þarfa nemenda var unnin út frá þessari reglugerð.
- Stjórnsýslubreytingar, orðið til nýtt svið hjá sveitarfélaginu og mannað inn á sviðið fólk til að sinna þessum hlutverkum.

# Sp. 25. Hvaða breytingar á á sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins hafa komið til vegna reglugerðar nr. 584/2010?

- T.d. aukin eftirfylgni við einstaklingsmiðað nám.
- Teymisfundum vegna allra fatlaðra barna var fjölgað.
- Til dæmis: Tilraunaverkefni með hegðunarráðgjafa, þjónusta við fleiri skóla en áður, við öll nemendaverndarráð, markvissari vinna með heilsugæslustöðvum, teymi aðila frá mismunandi þjónustueiningum innan og utan sveitarfélags, aukið forvarnarstarf.
- Unnið er að mótun nýrrar formgerðar sérfræðiþjónustunnar á þann veg að sveitarfélagið gengur út úr byggðasamlaginu og lögð verður áhersla á að þjónustan mótist enn meira af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum. Einnig verði enn meira tekið tillit til mismunandi þarfa skólanna og að þjónustan verði mótuð enn meira í samráði við skólastjórnendur hvers skóla. Einnig verður lögð áhersla á að þjónustan beinist að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi. Mótuð hefur verið framtíðarsýn sem birtist í útgefinni skýrslu.
- Virkt nemendaverndarráð.

# Sp. 26. Með hvaða hætti fylgist sveitarstjórn með og stuðlar að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu?

- Á ekki við, þjónustan er keypt af öðru sveitarfélagi.
- Ársskýrslur og upplýsingar frá fræðslusviði.
- Bæjarstjórn hefur hér lögbundnu hlutverki að gegna og rækir það með samstarfi við önnur sveitarfélög auk þess sem fjöldi starfsmanna hefur sérþekkingu á þessu sviði.
- Bæjaryfirvöld hafa gert samninga um sérfræðiþjónustu við Hjallastefnuna og Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Skólastjórar fylgjast með að unnið sé samkvæmt þeim samningum, óska eftir greiningum og aðstoð eftir þörfum.
- Engin.
- Eru upplýstir með starf sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Framkvæmdastjóri sviðsins og skólaskrifstofa fylgist með þessu.
- Fræðslu- og skólanefnd fylgir málum eftir og fulltrúar í henni sitja í sveitarstjórn.
- Fræðslu- og æskulýðsnefnd hefur eftirlitshlutverk.
- Fundað með skólastjóra mánaðarlega hið minnsta.
- Fylgist lítið með.
- Hjá Seyðisfjarðarkaupstað er fræðslunefnd starfandi sem fylgist með fræðslu og skólamálum og er bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi málaflokkinn.
- Í gegnum fræðslunefnd (nefnt af 2).
- Í gegnum fræðslunefnd sveitarfélagsins.
- Í gegnum fræðslunefnd, sveitarstjórn og stjórn skólaskrifstofu.
- Í gegnum fræðslustjóra sveitarfélagsins og með fundum fræðslu- og frístundanefndar með skólastjórum leik- og grunnskóla.
- Í gegnum fundi Fræðsluráðs.
- Í gegnum mennta- og menningarmálanefnd.
- Í gegnum skólanefnd.
- Í gegnum skýrslu skólastjóra, fræðslunefnd og skólaráð.
- Í gegnum skýrslur skóla s.s. árskýrslum og sjálfsmati sem borið er saman við starfsáætlanir. Fundir með skólastjórnendum og í gegnum starfsmenn skólasviðs.
- Kallað eftir upplýsingum frá SKS og skólunum. Einnig var nýlega gerð úttekt á þessari þjónustu af utanaðkomandi fagaðilum. Fræðslunefnd hefur tekið málefnið meira á dagskrá að undanförnu.

# Sp. 26. Með hvaða hætti fylgist sveitarstjórn með og stuðlar að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu?

- Kallar eftir samantektum frá þeim aðilum sem sinna þjónustunni eftir því sem við á.
- Lagðar eru fyrir ársskýrslur um sérfræðiþjónustu á hverju ári.
- Með árlegum samantektum á þeirri þjónustu sem veitt er, bæði í skólum og af sérfræðiþjónustu.
- Með fundargerðum fræðslunefndar þar sem skólastjóri situr sem og starf og eftirlitshlutverk fræðslufulltrúa.
- Með fundum með stjórnendum.
- Með góðum tengslum við Skólaskrifstofu Suðurlands. Skólaskrifstofan skilar með reglubundnum hætti starfsskýrslum sem veitir sveitarstjórn upplýsingar um starfsemi og verkefni sérfræðiþjónustunnar.
- Með nánu samráði við rekstraraðila og sérfræðiþjónustuaðila.
- Með óformlegum sem formlegum hætti með skólastjóra, starfsmönnum, foreldrum, skólaráðum, skólanefndarvettvangi og vettvangi einnar sameiginlegrar félagsmálanefndar sem er fagleg yfirstjórn með starfi sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins sem og nágrannasveitarfélaga.
- Með reglulegum fundum með skólanefnd og skólastjóra.
- Með sambandi við skólastjóra.
- Með samráði og viðtölum við skólastjórnendur. Stundum skrifuð bréf til áréttingar aukinni þörf.
- Með samstarfssamningi og eftirfylgni fræðslunefndar og skólastjóra.
- Með því að reka þjónustuna skv. lögum og reglugerðum.
- Með því vinna á vettvangi Skólaskrifstofu Suðurlands og fræðslunefndar.
- Menntasvið Kópavogs fyrir hönd sveitarstjórnar fylgist með að nemendum sé tryggður þessi réttur.
- Reglulegir fundir fræðslu-og tómstundarnefndar þar sem farið er yfir m.a. sérfærðiþjónustmál skólans skólastjóri situr alla þá fundi sem og fulltrúi kennara og foreldra.
- Sérfræðiþjónustan skilar skýrslu til bæjarstjórnar um starfsemina.
- Skóladeild hefur samráð við hlutaðeigandi aðila.
- Skólanefnd fylgist með málaflokknum og kallar eftir upplýsingum frá skólastjórnendum.
- Skólanefndafundir, fundir skólastjóra og sveitastjóra í hverjum mánuði.
- Skólastjórar uppfræða fræðslunefnd og bæjarstjórn um stöðu og þörf á sérfræðiþjónustu á hverjum tíma.
- Starfsfólk skóladeildar hefur umsjón með því og kemur upplýsingum á framfæri til skólanefndar.
- Stefna skóla um sérstæka þjónustu vegna sérstakra þarfa nemenda var unnin út frá þessari reglugerð. Allir ferlar voru yfirfarnir varðandi sérfræðiþjónustuna. Útbúinn ferill fyrir færslu nemenda á milli leik- og grunnskóla. Tilfærsluáætlun á milli grunn- og framhaldsskóla. Túlkaþjónusta aukin. Átak í snemmtækri íhlutun s.s. með málörvun. Þroskaþjálfi ráðinn í grunnskóla. Ýmis atriði skilgreind betur og skýrð í skólastarfi í tengslum við stefnuna.

# Sp. 26. Með hvaða hætti fylgist sveitarstjórn með og stuðlar að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu?

- Sveitarfélagið er með fulltrúa í skólanefnd og fylgist þar með í gegnum hann.
- Sveitarstjórn fylgist ekki með því með markvissum hætti.
- Sveitarstjórn fylgist í raun ekki með því. Það er í höndum skólastjóra.
- Vormaður fræðslunefndar er einnig fromaður byggðaráðs og kemur upplýsingum á framfæri við aðra sveitarstjórnarmenn.
- Það eftirlit er falið starfsmanni skólaskrifstofu og skólanefndar. Allar óskir og ábendingar eru teknar til greina og reynt eftir fremsta megni að greiða götu nemenda að sérfræðiþjónustu.
- Þétt samstarf við sérfræðiþjónustu á þjónustumiðstöðvum og Velferðarsvið. Kannanir til skólastjóra skólanna, spurningar í foreldakönnun.

# Sp. 27. Hefur skólastjóri/skólastjórar í sveitarfélaginu komið að mótun áherslna og stefnu sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, sbr. 4. gr. reglugerðar?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 41 | 77,4 | 11,3 |
| Nei | 12 | 22,6 | 11,3 |
| Fjöldi svara | 53 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 53 | 89,8 | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 10,2 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 28. Hefur framkvæmd reglugerðar nr. 584/2010 leitt til breytinga á kostnaði við sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Nei, enginn breyting á kostnaði | 29 | 54,7 | 13,4 |
| Já kostnaður hefur aukist til muna | 5 | 9,4 | 7,9 |
| Já, kostnaður hefur aukist nokkuð | 19 | 35,8 | 12,9 |
| Já, nokkuð hefur dregið úr kostnaði | 0 | 0,0 | 0,0 |
| Já, dregið hefur úr kostnaði til muna | 0 | 0,0 | 0,0 |
| Fjöldi svara | 53 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 53 | 89,8 | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 10,2 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 29. Hvaða kostnaðarliðir hafa breyst?

Þeir sem segja að kostnaður hafi breyst við við sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins (sp. 28) voru spurðir þessarar spurningar:

- Aðkeypt þjónusta sérfræðinga.
- Aukin kaup á sérfræðiþjónustu.
- Aukin sálfræðiþjónsta og aukin krafa um talmeinaþjónustu. Þá hefur aukist eftirspurn eftir námsráðgjöf í skólunum sem kostað hefur meira.
- Aukinn mannafli.
- Auknar greiningar og aðkeypt sérfræðiþjónusta.
- Erfitt að meta, íbúum hefur fækkað en kostnaður staðið nokkurn veginn í stað.
- Höfum ekki greint það.
- Kennsluráðgjöf (sérk. og almennk.)
- Krafa um aukna þjónustu hefur aukist og starfsmanna fjöldi í skólunum þar af leiðandi.  Miklu algengara er að krafa sé gerð um „manninn með“ en áður var.
- Laun, ferða- og dvalarkostnaður sérfræðiþjónustuaðila.
- Launaliðir hækka.
- Meiri kostnaður í sértækri sérkennslu og einstaklings stuðningi.
- Náms- og starfsráðgjöf hefur aukist.
- Ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra. Meðferð sem nemendur og fjölskyldur fá.
- Samvinna við stefnumótun og gerð skólastefnu sem nú stendur yfir.
- Sálfræðiþjónusta og talmeinaþjónusta hefur hækkað verulega.
- Sérfræðiþjónusta, sérkennsla.
- Stöðugildi talmeinafræðinga Námskeið fyrir nemendur og starfsfólk skóla s.s vegna ADHD Aukin þörf fyrir kennslu- og sálfræðiráðgjöf
- Sveitarfélagið hefur lagt áherslu og er að móta áherslur sem snúa að ýmsu í reglugerðinni sem hefur ekki fengið nógu mikið vægi í núverandi fyrirkomulagi. Svo sem talþjálfun leik- og grunnskólabarna, ráðgjöf og stuðningur við foreldra, þjónusta við ADHD börn og fjölskyldur þeirra (m.a. ráðgjöf heim), símenntunarverkefni í skólum og ráðgjöf við nýbreytni og þróunarstarf, forvarnarverkefni og fræðslufundir fyrir foreldra o.s.frv. Viðhorfskannanir sýna að á ýmsum sviðum þarf að gera enn betur, m.a. stuðning við skóla svo markmiðið um skóla án aðgreiningar nái vel fram að ganga. Allt kallar þetta á aukinn kostnað. Þá hefur fjöldi teymisfunda sérfræðinga og ráðgjafa margfaldast sem hefur kostnaðarauka í för með sér.
- Umfang þjónustunnar vegna markvissari eftirfylgni.
- Vegna greininga.
- Vegna snemmtækrar íhlutunar og aukinnar sérfræðiþjónustu á öllum sviðum.
- Þar sem ekki er um mjög flölbreytta flóru sérfræðinga að ræða úti á landi hefur þurft í auknum mæli að sækja til sérhæfðs starfsliðs á Reykjavíkursvæðinu með tilheyrandi kostnaði.
- Þroskaþjálfi, meiri túlkun, snemmtæk íhlutun. Meira starf á skólaskrifstofu og fleira.

# Sp. 30. Telur þú þörf á því að endurskoða reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 6 | 11,3 | 8,5 |
| Nei | 47 | 88,7 | 8,5 |
| Fjöldi svara | 53 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 53 | 89,8 | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 10,2 | |
| Fjöldi svarenda | 59 | 100,0 | |



# Sp. 31. Hvaða ákvæði telur þú þörf á því að endurskoða í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum?

Þeir sem telja þörf á endurskoðun reglugerðar nr. 584/2010 (sp. 30) voru spurðir þessarar spurningar:

- Almennt með tengsl sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við þjónustustofnanir á landsvísu í huga (BUGL, Greiningarstöð, Barnahús o. s. frv.).
- Eðlilegt að það sé gert reglulega.
- Hlutverk og efling stofnana á vegum ríkisins s.s. BUGL, GRR, ÞHS, HTÍ og heilsugæslu til að uppfylla ákvæði reglugerðar 584/2010 um sérfæðiþjónustu sveitarfélaga.  Aukinn þungi á ábyrgð sveitarfélaga án úrræða ríkisins. Tryggja þarf sveitarfélögum aukið fjármagn til að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.
- Nauðsynlegt er að meta kostnaðarauka vegna breytinganna og koma þeim fjármunum sem fylgja áttu reglugerðarbreytingunni út til skólaskrifstofa eða sérfræðiþjónustu á hverjum stað. Þetta hefur verið svikið, þó eftir reglugerðinni sé unnið. Þó vantar nokkuð upp á að hægt sé að sinna eftirfylgd í samræmi við væntingar reglugerðar, vegna fjárskorts.
- Reglugerð sem þessi þarfnast stöðugrar endurskoðunar.
- Veit ekki, margt í þessari könnun á engan veginn við fámenna skóla og svarmöguleikar því takmarkaðir. Þessi svörun er því oft ekki eins og hefði verið réttast.

# Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 217 | 27,6 | 3,1 |
| Frekar hlynnt(ur) (4) | 356 | 45,3 | 3,5 |
| Hvorki né (3) | 133 | 16,9 | 2,6 |
| Frekar andvíg(ur) (2) | 61 | 7,8 | 1,9 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 19 | 2,4 | 1,1 |
| Hlynnt(ur) | | 72,9 | 3,1 |
| Hvorki né | | 16,9 | 2,6 |
| Andvíg(ur) | | 10,2 | 2,1 |
| Fjöldi svara | 786 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 786 | 69,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 350 | 30,8 | |
| Fjöldi aðspurðra | 1.136 | 100,0 | |
| Spurðir | 1.136 | 95,8 | |
| Ekki spurðir | 50 | 4,2 | |
| Fjöldi svarenda | 1.186 | 100,0 | |
| **Meðaltal (1-5)** | 3,9 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefninu. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur)(fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

**Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)**
Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefninu. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefninu en mjög hlynntir því.

**Greiningar og marktekt**
Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 29% karla eru mjög hlynntir málefninu á móti 26% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjörnumerktur, eins og í tilfelli aldurs spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu.
Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktektar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að eftir því sem fólk eldist er það hlynntara málefninu og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldurshópum á sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).
Lengst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal karla hefur lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu (er nú 3,9 og var síðast 3,6). Stjörnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að karlmenn séu nú að jafnaði hlynntari málefninu en þeir voru í síðustu mælingu.

Dæmi



# Að lokum

**Reykjavík, 4. júní 2013**

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Sigríður Ólafsdóttir
Berglind Aradóttir

Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar.
Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.